

## Hefur nægur tími liðið frá hruni svo hægt sé að leggja mat á orsakir þess og ábyrgð einstaklinga á því, hvers vegna fór sem fór?

Í þessari dagbókarfærslu verður einkum og sér í lagi stuðst við eftir farandi greinar:

Helgi Þorláksson. Þjóðveldið og samtíminn: Um leitina að sögulegum hliðstæðum og hlutverk sagnfræðinga. *Ritið*: 2-3/2009, 9 árgangur, bls. 7-20.

Helgi Skúli Kjartansson. Í tröllahöndum: Um einkavæðingu Búnaðarbankans. *Saga XLX*: 1 (2012), bls. 125-142.

Ég geri ráð fyrir, að hér sé spurt um fýsileika samtímasöguskrifa um hrunið með áherslu á orsakir hrunsins og ábyrgð leikenda.

Hér er um að ræða samtímasögu í bókstaflegum skilningi orðins, samkvæmt Helga Skúla, þ.e. beint úr „kviku þjóðlífsins.“ Hann segir m.a.: Eins og gerist í samtímasögunni eru hugsanlega frumheimildir næsta ótæmandi ef taldar eru saman skýrslur og skjöl, upplýsingar í fjölmiðlum og sá grúi heimildarmanna sem kann að vita fleira en finnst á blaði. Sagnfræðingurinn verður að grípa sér skynsamlegt úrtak og láta það duga ef honum virðist það gefa heillega mynd. Vandinn er fremur sá að fyrsta úrtak heimildanna kann að gefa einhliða mynd; þá þarf að leita betur og reyna að láta sér ekki sjást yfir mikilvægar flækjur eða nauðsynlega fyrirvara. (Bls. 125-126.)

Væntanlega er krafan sú sama til allra sem vilja segja trúverðuga sögu, m.a. til fræðimanna af öðru toga en sagnfræði. Það væri í sjálfu sér áhugavert að skoða hvernig nálgun félagsfræðings væri frábrugðin nálgun sagnfræðingsins. En það er ekki á dagskrá hér og nú. Sagnfræðingar hafa löngum leyft sér þann munað að rýna um öxl og samið sögu samkvæmt eigin viðhorfum eða gildum viðhorfum innan sagnfræðinnar um, hvað sé góð sagnfræði og slæm. Sagnfræðingnum bar (samkvæmt Ranke) að segja sögu eins og hún eiginlega var. Efniviðurinn var steinrunnin, hið ritaða orð. Sagnfræðingurinn gat – rétt eins og heimspekingurinn – hallað undir flatt með hönd undir kinn, rýnt í og borið saman heimildir, allra helst frumheimildir, því þær þóttu bestar og hefðu helst staðreyndir að geyma eins og t.d. fæðingarvottorð Jóns Sigurðssonar (kennt sem erkidæmi um staðreyndir). Enginn er þó til vitnis. Gæti klerkurinn, sem ritaði vottorðið, verið sauðdrukkinn eins og margir starfsbræðra hans voru? Gæti fæðingarstundin hafa verið mínútu eftir miðnætti þann átjándi júní? Söguritari stæðu betur að vígi í dag. Spyrja mætti fjölda manns, er að fæðingunni komu og þannig sannreyna fæðingarstund og –dag. Því er auðveldara í samtímasögu að fullnægja þeim kröfum um gildi heimilda.

Það virðist mér auðsætt, að sagnfræðingur þarf í þeirri hringiðu, sem hann rannsakar og snýst í, að skoða áttavita sinn gaumgæfilega. En það þarf hann einnig að gera, þótt hann rannsaki „sögulegar fornleifar á textum,“ sbr. það, sem að framan var sagt. Það má minna á skynsamleg orð Sigurður Nordal úr Íslenskri menningu (hér tekin eftir fyrirlestarglærum kennara):

Jafnvel annálaritari sem skrifar fáeinar línur eða blaðsíður um atburði líðandi ára og gerir engar athugasemdir um þá frá eigin brjósti er með hverju orði að kveða upp dóma og láta skoðanir sínar í ljós. Hvert sinn sem hann færir eitthvað í letur eða lætur annars ógetið sem honum er jafnkunnugt er hann að skýra frá því hvað honum finnst verðast þess að geymast í minni.

Að þessu sögðu er mér nær að halda því fram, að samtímasagnfræðingur geti síður haldið að sér þeirri sjálfsblekkingu, að hann skrifi “áreiðanlega” sögu um það, sem “eiginlega er” eins og Jón Aðils hefur vafalítið trúað um sín söguskrif. Það er kostur.

Rannsóknir á siðferði, þ.e hverjir bera ábyrgð, getur verið býsna snúin og sérstaklega í litlu samfélagi eins og því íslenska. Þægilegast væri að “vende det blinde øje” til,” renna af hólmi og skoða málið eftir öld eða svo. Helgi Þorláksson gerir þessu eftirfarandi skil (bls. 13):

Sagnfræðingar stunda kannski lítt samanburð um siðferðileg atriði af því að hann leiðir oft til áfellingdóma yfir einstökum persónum sem gerendum. Hættan er líka sú að á þær sé litið sem hreyfiafl sögunnar en í sagnfræði er algengt að tortryggja slíkar persónubundnar skýringar. Sagnfræðingum er ... tamast að skoða fortíðina á hennar eigin forendum, og setja í samhengi, t.d. félagslegt eða pólitískt.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að fólk er gerendur sögu, höfundar sögu sinnar með ýmsum hætti. Það á auðvitað um hrunið. Það gerðist ekki af sjálfu sér heldur fyrir flókin áhrif ýmissa þátta. Það hlýtur að þurfa að kasta meiriháttar glýju í augu fólks til að dylja djúpstæð áhrif tiltekinn einstaklinga og samtaka þeirra í hruginu. Nú ríður á, að sagnfræðingar reki af sér slyðruorð og fortíðarþrá og reyni að skoða nútíðina á „hennar eigin forsendum, og setja í samhengi, t.d. félagslegt eða pólitískt.“ Spurningu þinni er því svarað með háværu „já-i.“